

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig?	Viðmið um árangur
Skipulag						
1.1 Í skólanámskrá er umfjöllun um þær kerfisbundnu aðferðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.	Skýra hver viðfangsefni innra mats eru.	Gera kafla í skólanámskrá um innra mat og einnig á heimasíðu.	Lokið fyrir júní 2022	Skólastjóri og gæðaráð	Endurskoðun skólanámskrár	Að skipulag sé skýrt og samkvæmt gæðalýsingum Akureyrarbæjar um skipulag innra mats. Að skólanámskrá uppfylli skilyrði um innihald.
1.2 Í starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats það skólaárið.	Skýra hver viðfangsefni innra mats eru hvert skólaár.	Gera kafla í starfsáætlun 2021-2022.	Fyrir 1. september 2021	Skólastjóri	Árlega fyrir 1. september með uppfærðri starfsáætlun.	Að skipulag sé skýrt og samkvæmt gæðalýsingum Akureyrarbæjar um skipulag innra mats. Að starfsáætlun uppfylli skilyrði og sé stöðugt og mikilvægt matstæki skólans í heild sinni.
1.3 Markmið stefnu skólans eru metin markvisst og reglubundið með skipulögðum hætti.	Að stefna skólans sé metin markvisst. Að tryggja að stefna skólans birtist í starfsháttum starfsmanna.	Gera stefnu skólans að lið í fundaáætlun skólans og hluta af starfsþróunarsamtölum - tryggja stöðuga umræðu og sameiginlegan skilning.	Rætt á fundum gæðaráðs samkvæmt starfs- og fundaáætlun.	Skólastjóri og gæðaráð	Árlega fyrir 1. september með uppfærðri starfsáætlun.	Að sameiginlegur skilningur og stöðug umræða sé um stefnu skólans og að hún birtist í starfsháttum starfsmanna og skólans í heild sinni.
1.4 Þau verkefni/stefnur sem skólinn kennir sig við eru metin kerfisbundið og eru hluti af innra mati skólans.	Að meta markvisst þau verkefni/stefnur sem skólinn kennir sig við.	Gera þær stefnur sem skólinn kennir sig við að lið í fundaáætlun skólans.	Lokið fyrir 1. september 2021	Skólastjóri	Árlega fyrir 1. september með uppfærðri fundaáætlun.	Að skipulag sé skýrt og verkefni/stefnur sem skólinn kennir sig við hafi skýran tilgang og að þeim sé viðhaldið.
1.5 Skólinn setur sér markmið um innra mat.	Að skólinn setji sér markmið um innra mat.	Skólinn vinnur innramatsskýrslu þar sem fram koma markmið skólans um innra mat.	Lokið fyrir 15. júní 2021	Skólastjóri og gæðaráð	Meta innra mat á þriggja ára fresti.	Að skipulag sé skýrt og einfalt í framkvæmd ásamt því að uppfylla gæðaviðmið Akureyrarbæjar um innra mat.
1.12 Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, eru hluti af innra matinu.	Tryggja að verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, séu hluti af innra matinu.	Meta starfsáætlun skólans. Meta læsið, grænfánaverkefni og innleiðingu heilsuefandi skóla út frá viðmiðum í vorskýrslu innra mats teymisins og sagt frá því hvar innleiðingin stendur.	Lokið fyrir júní 2022	Skólastjóri og gæðaráð	Meta innra mat á þriggja ára fresti.	Að leiðir að markmiðum skólans séu sýnileg í starfsáætlun hans.

Framkvæmd	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig?	Viðmið um árangur
2.4 Skólinn nýtir niðurstöður samræmdra könnunarprófa, kannana og skimana með markvissum hætti í innra mati.	Að skólinn nýti niðurstöður kannana og skimana með markvissum hætti í innra mati.	Kennarar fari yfir niðurstöður og nýta þær til að betrubæta kennslu og/eða námsefni og laga að þörfum hvers og eins nemanda. Gera mat á skimunum og könnunum að að liðum í fundaráætlun skólans.	Lokið fyrir 15. júní 2022	Skólastjóri	Meta innra mat á þriggja ára fresti.	Að skólinn nýti niðurstöður samræmdra könnunarprófa og skimana með markvissum hætti í innra mati.
2.6 Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.	Að leitað sé eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila við öflun gagna.	Afla gagna með fundum, nefndum og ráðum ásamt könnunum til nemenda, foreldra og starfsmanna. Halda skólaþing með foreldrum, nemendum, starfsfólki og skólaráði, með það að markmiði að fá sjónarmið allra sem að skólastarfinu koma.	Lokið fyrir júní 2022	Skólastjóri	Metið í upphafi hvers skólaárs, með skipulagningu og uppsetningu funda og kannana.	Að geta notað niðurstöður hagsmunaaðila til uppbyggingar skólastarfs. Að skólaþing sé haldið að hausti á tveggja ára festi.
2.8 Reglulega eru endurskoðaðar aðferðir og reynsla af innra mati.	Að aðferðir séu fjölbreyttar og henti viðfangsefninu.	Innra mat verður endurskoðað á þriggja ára fresti og endurspeglast í langtímaáætlun um innra mat. Matsáætlun hvers skólaárs er tekin til umræðu á fundum starfsmanna í upphafi skólaárs og þar ræddar þær aðferðir sem hafa verið nýttar og aðrar sem mögulega er betra að nota.	Lokið í júní 2022	Skólastjóri/gæðaráð/skólaráð	Meta innra mat á þriggja ára fresti.	Að aðferðir og viðfangsefni séu ávallt yfirfarin og metin við upphaf skólaárs og áætlun þar að lútandi sé framfylgt.
2.9 Mikilvæg ytra mats gögn eru nýtt til þess að kortleggja framfarir í skólastarfi.	Nýta gögn ytra mats til þess að kortleggja framfarir í skólastarfi.	Setja inn í fundaráætlun fyrir kennarafundi og starfsmannafundi með það að markmiði að fá sem flesta að borðinu til að ræða og nýta sem best það sem kemur fram í ytra mati og finna leiðir til þess að kortleggja framfarir í skólastarfinu.	Lokið í júní 2022	Skólastjóri	Meta innra mat á þriggja ára fresti.	Að framfarir nemenda séu kortlagðar með skipulögðum hætti og mikilvægt ytra mats gögn nýtt til þess.
2.11 Stefnumið þeirra verkefna/stefna sem skólinn kennir sig við eru metin reglulega.	Að meta markvisst þau verkefni/stefnur sem skólinn kennir sig við.	Að stefnur séu metnar á fundum hjá viðkomandi nefnd/ráði. Í skýrslu gæðaráðs að vori og í skólanámskrá mun koma fram hvar við stöndum í þeim stefnum sem skólinn kennir sig við.	Lokið 15. júní 2022	Skólastjóri og gæðaráð	Yfirfarið og endurmetið árlega.	Að skipulag sé skýrt og verkefni/stefnur sem skólinn kennir sig við hafi skýran tilgang og að þeim sé viðhaldið. Skýrt sé hvert er næsta skref, hvað er hægt að bæta og með hvaða hætti.
2.12 Reglubundið mat fer fram á viðhorfum nemenda, foreldra og starfsmanna um nám, líðan og samskipti í skólasamfélaginu.	Koma á reglulegum könnunum.	Koma reglu á kannanir um viðhorf og líðan, nemenda, foreldra og starfsfólks.	Lokið fyrir 1. september 2021	Skólastjóri og gæðaráð	Meta innra mat á þriggja ára fresti.	Að árlega sé gerð könnun á líðan og viðhorfi nemenda og starfsfólks og annað hvert ár sé gerð foreldrakönnun.
2.16 Mat á framförum nemenda er stöðugt umfjöllunarefni í námsmati nemenda.	Gera námsmatsáætlun fyrir hvert skólaár og námsmat sem fasta dagskrárliði í fundaráætlun skólaársins. Gera mat á framförum nemenda aðgengilegra bæði nemendum og foreldrum.	Framfarir nemenda eru metnar reglulega yfir skólaárið og gerðar sýnilegar nemendum/foreldrum og einstaklingsmarkmið sett í framhaldi af því. Námsmatsáætlun unnin í ágúst ár hvert. Hún kynnt nemendum og foreldrum og gerð aðgengileg á heimasíðu skólans. Að námsmat sé hluti af	Lokið 1. september 2021	Skólastjóri og kennarar	Metið árlega.	Að allir hlutaðeigandi aðilar séu meðvitaðir um hvernig matið er upp byggt og hvar sé hægt að nálgast upplýsingar um það. Að námsmatsáætlun liggja fyrir að hausti og sé fylgt eftir yfir skólaárið og rædd í starfsþróunar viðtölum.

Umbótaáætlun - Í kjölfar mats á innra mats gæðaviðmiðum -

		starfsþróunarsamtölum.				
2.17 Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram reglulega og skipulega, s.s. með mati skólastjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum.	Að viðhalda og auka fagmennsku ásamt því að tileinka sér nýjungar.	Að kennarar geri jafningjamat sín á milli einu sinni á hvorri önn. Umræða um jafningjamat kennara verði sett inn í dagskrá kennarafunda og kynnt þar. Fá ytra mat framkvæmt annað hvert ár.	Verði gert reglulega frá 1. september 2021.	Skólastjóri og kennarar	Metið árlega að vori.	Að kennsla og fagmennska kennara sé metin með ýmsum leiðum s.s. jafningjamati, mati skólastjóra og ytra mati með reglulegum hætti.
2.18 Skólastjórnendur fylgjast reglubundið með kennslu.	Að skólastjóri fylgist reglulega með kennslu með það að markmiði að auka gæði hennar.	Skólastjóri taki árlega starfsþróunarviðtöl við starfsmenn um þróun kennslu. Að skólastjóri meti reglulega kennslu og í framhaldi af því fundi hann með viðkomandi kennara og fari yfir og gefi umsögn/álit og komi fram með tillögur til úrbóta. Gera áætlun um heimsóknir í tíma.	Verður gert kerfisbundið frá og með september 2021.	Skólastjóri	Metið árlega.	Aukin gæði kennslu. Að skólastjóri framkvæmi regluleg innlit í kennslustundir og fylgi þeim eftir með viðtali.
2.19 Stjórnendur fylgjast með og sjá um að niðurstöður ytra gæðamats s.s. varðandi framfarir nemenda og líðan þeirra séu nýttar til að efla starf skólans.	Að skólastjóri fylgist með og sjái til þess að niðurstöður ytra gæðamats séu nýttar í þágu nemenda og skólastarfs.	Að skólastjóri og gæðaráð nýti sér niðurstöður ytra gæðamats til eflingar á skólastarfi og framfara og líðan nemenda hverju sinni.	Verður gert kerfisbundið frá og með september 2021.	Skólastjóri og gæðaráð	Meta innra mat á þriggja ára fresti.	Að niðurstöðurnar séu nýttar og hægt að koma höndum á það í námsmati eða könnun um líðan.
2.21 Stjórnendur sjá um að niðurstöður séu skráðar og aðgengilegar viðeigandi aðilum.	Að gera niðurstöður sýnilegar viðeigandi aðilum.	Skólastjóri skrái niðurstöður og birti á aðgengilegan hátt viðeigandi aðilum. Heimasíða Hríseyjarskóla verður auk þess uppfærð í september 2021 og þar birt meira efni.	Verður gert kerfisbundið frá og með september 2021.	Skólastjóri og gæðaráð	Meta innra mat á þriggja ára fresti.	Að upplýsingar og niðurstöður séu birtar á aðgengilegan hátt viðeigandi aðilum.
Umbætur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig?	Viðmið um árangur
3.2 Á hverju vori liggur fyrir skýrsla um innra mat sem eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.	Gera grein fyrir mati hvers skólaárs.	Gera fyrstu greinargerðina og birta á heimasíðu skólans	Fyrir 15. júní 2021	Skólastjóri og gæðaráð	Gæðaráð fer í gegnum form skýrslunnar fyrir hvert skólaár, breytir og bætir ef þess þarf.	Að greinargerð um innra mat sé gerð á hverju vori og lýsi því mati sem lagt er upp með, greini styrkleika og veikleika og setji fram umbætur.
3.3 Skýrsla um innra mat sýni á skýran hátt hvernig innra mats teymi telur að staðan á matsþáttunum þremur standi gagnvart þeim viðmiðum sem sett hafa verið.	Að skýrsla um innra mat sýni á skýran hátt hvernig innra mats teymi telur að staðan vera.	Gæðaráð metur stöðuna og kemur henni á framfæri í skýrslu um innra mat	Fyrir 15. júní 2021	Skólastjóri og gæðaráð	Meta innra mat á þriggja ára fresti.	Að fram komi á skýran hátt hvernig staðan er metin í skýrslu innra mats að vori.
3.4 Í skýrslu um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta.	Að fjallað sé um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta í skýrslu um innra mat skólans.	Skýrsla um innra mat mun sýna á skýran hátt hvernig innra mats teymi metur stöðuna.	Er í vinnslu og verður tilbúið í júní.	Skólastjóri og gæðaráð	Meta innra mat á þriggja ára fresti.	Að styrkleikar og tækifæri til umbóta komi fram í skýrslu innra mats að vori.

Umbótaáætlun - Í kjölfar **mats** á innra mats gæðaviðmiðum -

3.5 Í skýrslu um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst.	Að fram komi í skýrslu um innra mat að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst.	Skýrsla um innra mat mun sýna á skýran hátt hvernig innra mats teymi metur stöðuna.	Er í vinnslu og verður tilbúið í júní.	Skólastjóri og gæðaráð	Meta innra mat á þriggja ára fresti.	Að í skýrslu um innra mat komi fram að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst.
3.15 Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.	Að umbótum sé kerfisbundið fylgt eftir.	Fylgja markvisst eftir umbótaáætlunum.	Gera að lið í fundaáætlun skólans og fylgja þannig kerfisbundið umbótum eftir.	Skólastjóri og gæðaráð	Meta innra mat á þriggja ára fresti.	Að umbótum sé kerfisbundið fylgt eftir og að það sé tekið fram í skýrslu um innra mat að vori.
3.16 Niðurstöður ytra mats eru nýttar til umbóta (sem hægt er að sýna fram á).	Að niðurstöður ytra mats séu nýttar til umbóta.	Fylgja markvisst eftir umbótaáætlunum.	Gera að lið í fundaáætlun skólans og fylgja þannig kerfisbundið umbótum eftir.	Skólastjóri og gæðaráð	Meta innra mat á þriggja ára fresti.	Að niðurstöður ytra mats séu markvisst nýttar til úrbóta.

Unnið af gæðaráði vorið 2021